

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. mars 2006 staðfest sameiningu Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps, í umdæmi sýslumannsins í Búðardal, í eitt sveitarfélag.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 8. október 2005 lýstu íbúar Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps sig hlynnta því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Reykhólahreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Reykhólahrepps hafa sveitarstjórnir Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna.

Ráðuneytið telur skilyrði vera fyrir hendi til sameiningar sveitarfélaganna tveggja samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði og er því fallist á beiðni sem undirrituð er af oddvitum sveitarfélaganna, dags. 1. mars 2006 þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið staðfesti sameininguna.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.
- Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.
- Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

- Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
- Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
- Stjórnsýsluheiti hins sameinaða sveitarfélags verður Dalabyggð.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2006.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðjón Bragason.*